



FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss

Gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg í Flóahreppi

Vistunargjöld eru eftirfarandi:

Kjarnatími frá 8:00-14:00	180 kr/pr. klst
Gjald frá 14:00-15:00	350 kr/pr. klst
Gjald frá 15:00-16:00	400 kr/pr. klst
Gjald frá 7:45-8:00	112 kr/pr. korter
Gjald frá 16:00-16:15	112 kr/pr.korter
Gjald fyrir vistun umfram umsaminn vistunartíma	2250 kr fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur

*20% álag er lagt ofaná öll vistunargjöld nemenda á yngstu deild leikskólans.

Fæðisgjald fyrir hvert barn er eftirfarandi:

Morgunhressing	97 kr/dag
Hádegisverður	304 kr/dag
Nónhressing	97 kr/dag

Heimilt er að fella fæðisgjald niður vegna langvarandi fjarveru nemanda og er þá miðað við 10 virka daga.

Afsláttur vegna forgangshópa er eftirfarandi:

Forgangshópar	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi
---------------	--

Forgangsgjald er greiðsla fyrir öryrkja, börn einstæðra foreldra og börn námsmanna, séu báðir eða annað foreldri í fullu námi. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að fólk framvísi vottorði frá Tryggingastofnun, sýslumanni eða innritunarvottorði/námsvottorði frá skóla í upphafi hverrar annar. Hefji einstætt foreldri sambúð, skal það greiða hærra gjald strax og sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð, skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og kemur þá til lækkunar á gjaldi

Afsláttur vegna systkina eru eftirfarandi:

Systkinaafsláttur með öðru barni	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi
Systkinaafsláttur með þriðja barni	100% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri gjaldskyldra systkina. Ekki er veittur systkinaafsláttur af fæðisgjaldi.

Ekki er hægt að fá bæði forgangsafslátt og systkinaafslátt. Hærri afsláttur gildir. Afsláttur er ekki veittur afturvirkta.

Forráðamenn greiða vistunargjald frá þeim tíma sem nemandi er skráður í leikskólann. Þó nemandi nýti ekki skráðan leikskólatíma vegna orlofs, veikinda eða annarra aðstæðna greiðist fullt vistunargjald samt sem áður. Undanþágu vegna sérstakra aðstæðna má sækja um til leikskólastjóra, sem metur hverja umsókn fyrir sig.

Ef forráðamenn skulda leikskólagjöld fyrir þrjá mánuði eða meira, er heimilt að segja leikskóladvöl nemanda upp og setja skuldina í innheimtu.

Gjaldskráin er endurskoðuð tvívar á ári miðað við breytingar á vísitölu neystluverðs eða 1. febrúar og 1. ágúst ár hvert og verður fyrst endurskoðuð 1. febrúar 2024

Þingborg 04.07.2023

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Þingborg 30.06.2023

Minnisblað sveitarstjóra vegna breytinga á uppbyggingu á gjaldskrá leikskólans Krakkaborgar í Flóahreppi.

Í veturn fór fram umræða í sveitarstjórn um endurskoðun á gjaldskrá leikskólans og í fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2023 var tekin ákvörðun um að fara í endurskoðun á uppbyggingu á gjaldskránni. Hugmyndir að breyttri gjaldskrá voru ræddar á milli sveitarstjórnarmanna og fóru þær hugmyndir einnig inn á fundi fræðslunefndar.

Sveitarstjóri hefur stillt upp tillögu að gjaldskrá sem byggir á eftirfarandi:

Svakallaður kjarnatími er skilgreindur frá 8:00-14:00 mánudaga – föstudaga og er vistunargjaldið töluvert lægra á kjarnatímanum. Aðrir tímar þ.e frá 14:00-16:00 og frá 7:45-8:00 og 16:00-16:15 bera hærra gjald. 20% álag er sett ofan á vistunargjöld á yngstu deild leikskólans þar sem þörf á mönnun er meiri en á hinum tveimur deildunum að mati leikskólastjóra. Í tillögu að nýrri gjaldskrá er þó verið að minnka muninn á milli gjalda hjá yngstu nemendum og þeirra sem eldri eru, þ.e. gjöld lækka mest hjá yngstu nemendum skv. nýrri tillögu. Gjöld á kjarnatíma lækka töluvert og ekki er um að ræða hækjun fyrir vistunargjöld fyrir þá sem nýta 8-8,5 klst á dag heldur eru gjöldin sambærileg fyrir þann vistunartíma líkt og í dag.

Ekki er verið að leggja til breytingar á fæðisgjaldi og er fæðisgjald í dag fyrir morgunhressingu og hádegisverð á pari við gjald í skólamötuneyti Flóaskóla.

Rokin fyrir því að bjóða upp á kjarnatíma eru meðal annars út frá þörfum ungra barna. Með lægra vistunargjaldi á kjarnatíma er komin hvatning fyrir foreldra og forráðamenn að stytta vistunartíma barna sinna ef kostur er á því og stytta þannig vinnudag ungra barna. Á sama tíma ýtir það undir tengslamyndun barna við foreldra sína en rannsóknir og fræðigreinar hafa í auknum mæli sýnt mikilvægi þess að ung börn eyði meiri tíma með foreldrum sínum til að ýta undir tengslamyndun.

Rekstrarleg rök eru einnig að baki hugmyndinni um kjarnatíma þar sem það getur aukið svigrúm fyrir undirbúninstíma faglærðra starfsmanna þegar færri nemendur eru í húsi í lok dags. Að auki getur þetta gefið leikskólastjóra ákveðin tækifæri í mönnun í lok dags sem getur leitt til lækkunar á launakostnaði.

Horft er á að skipulagt, faglegt starf fari fram á kjarnatíma inni á deildum leikskólans.

Lögð er til sú breyting á systkinaafslætti að afsláttur af þriðja barni breytist úr 95% í 100%. Afslátturinn á einungis við vistunargjöld en ekki fæðisgjöld. Afsláttur reiknast þannig að hæsti afsláttur reiknast af elsta systkini.

Vistunargjöld í Flóahreppi hafa verið með þeim hæstu síðastliðin ár samanborið við nágrannasveitarfélög og að mati undirritaðrar eru svo há vistunargjöld ekki til þess fallin að laða að nýja íbúa í sveitarfélagið. Horfa verður á að íbúafjölgun skilar sveitarfélagini auknum tekjum. Foreldrar greiða í dag um 23% af raunverulegum kostnaði við hvert leikskólapláss. Þó að lækkun felist í tillögunni þá má horfa á að ofangreindur kjarnatími getur leitt til þess að hægt sé að bæta rekstrarumhverfi leikskólans þar sem nemendum aftir kl. 14:00 á daginn gæti fækkað og þar með mönnunarþörf á þeim tíma. Horfa verður á að stærsti þátturinn í rekstri leikskólans eru laun og launatengd gjöld eða rúmlega 80% af öllum rekstrarkostnaði leikskólans.

Í viðhengi er samanburður á núverandi gjaldskrá og nýrri tillögu þ.e. dæmi um mismunandi vistunartíma.

Þingborg 30.06.2023
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

***Samanburður á gildandi gjaldskrá og nýrri gjaldskrá***

*Vistun og fæði frá 8:00-14:00
2-5 ára nemandi*

Gjöld í dag	Gjöld. kv. nýrri tillögu	Mismunur
38.620 kr	29.620 kr	9302 kr

*Vistun og fæði frá 8:00-16:00
2-5 ára nemandi*

Gjöld í dag	Gjöld. kv. nýrri tillögu	Mismunur
48.900	46.560 kr	2340 kr

*Vistun og fæði frá 7:45-16:15
2-5 ára nemandi*

Gjöld í dag	Gjöld. kv. nýrri tillögu	Mismunur
51.690kr	51.040 kr	650 kr

*Vistun og fæði frá 8:00-14:00
1-2 ára nemandi / Yngsta deild*

Gjöld í dag	Gjöld. kv. nýrri tillögu	Mismunur
49.560 kr	33.940	15.620 kr

*Vistun og fæði frá 8:00-16:00
1-2 ára nemandi / Yngsta deild*

Gjöld í dag	Gjöld. kv. nýrri tillögu	Mismunur
65.380 kr	53.880 kr	11.500 kr